

Fyrsta stig

Fyrsta stigsprófið í rytmískum söng er þreytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G1**. Ætlast er til þess að nemendur í fyrsta stigi kaupi kennslubók sem þeir vinna í eftir fyrirætlum kennara.

Við lok fyrsta stigs eiga söngnemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt.
- hafi tileinkað sér góða líkamsstöðu.
- andi eðlilega og öndun fylgi hendingamótun.
- hafi náð grundvallartökum á tónmyndun.
- hafi náð grundvallartökum á inntónun.
- sýni nokkurn skilning á sérhljóða- og samhljóðamyndun.
- sýni grundvallarkunnáttu í raddbeitingu sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- hafi grundvallartök á hljóðnemataækni.
- syngi með skýrum textaframburði.
- hafi tileinkað sér góðan íslenskan textaframburð.
- hafi þjálfast í að syngja á íslensku.
- sýni textatúlkun.
- sýni skilning á innihaldi texta.
- hafi öðlast grundvallarhrynskyn.
- geti sungið með hryntilfinningu.
- hafi kynnst algengustu formgerðum.
- sýni formskyn.
- hafi þjálfast reglulega í söng og notkun eftirfarandi tónstiga: dúr, hreinn moll, dúr-pentatónískur.
- hafi þjálfast reglulega í söng eftirfarandi þríhljóma: dúr, moll.
- syngi tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust og utanbókar.
- hafi kynnst ólíkum söngstílum rytmískrar tónlistar, þ.m.t. djassi, rokki og poppi.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi safnað a.m.k. tveimur þekktum lögum á safnlista.
- hafi kynnst samleik/samsöng.
- hafi fengið tækifæri til að koma fram á tónleikum.
- hafi þjálfast í nótnalestri.
- hafi kynnst óundirbúnum nótnalestri.
- geti lesið og flutt án undirbúnings einföld verkefni.
- hafi þjálfast reglulega í að flytja laglínur utanbókar.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á fyrsta stigi samkvæmt þessari námskrá.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um það bil eins árs nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samsöng
- öruggan og sannfærandi söng
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning fyrsta stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á fyrsta stigsprófi eru sex. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Allir prófþættir skulu fluttir utanbókar. Nemandi undirbýr eitt sönglag og leggur að auki fram safnlista með tveimur lögum og velur prófdómari eitt þeirra til flutnings. Alls eru því undirbúin þrjú verk til prófs. Heimilt er að notast við undirleik kennara eða hljóðritaðan undirleik.

1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga:

- dúr tónstiga
- hreinn moll
- dúr-pentatónískan

Einnig skal undirbúa eftirtalda þríhljóma:

- dúr
- moll

Leikmáti:

- tónsvið: ein áttund upp og niður
- hljómar frá grunntóni upp á efsta tón og aftur niður
- hraði: eigi hægar en tónstiga og hljóma M.M. ♩ = 50–63, miðað við að sungnar séu fjórðapartsnótur
- jafnt, hiklaust og utanbókar

Í prófinu veldur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem sungnir eru.

2. Æfingar (21 stig)

Í samráði við kennara

3. Verk 1 (21 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í rytmískum söng

4. Verk 3 (21 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í rytmískum söng

Í þessum þætti skal leggja fram lista með tveimur sönglögum sem prófdómari velur úr.

5. Lestur af blaði (12 stig)

Einföld smáæfing

6. Heildarsvipur (10 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samsöng, öruggur og sannfærandi söngur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.

Annað stig

Annað stigsprófið í rytmískum söng er þreytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G2**. Ætlast er til þess að nemendur í öðru stigi eigi kennslubók og kaupi kennsluefni í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok annars stigs eiga söngnemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt.
- hafi tileinkað sér góða líkamsstöðu.
- andi eðlilega og öndun fylgi hendingamótun.
- hafi náð grundvallartökum á tónmyndun.
- hafi náð nokkrum tókum á inntónun.
- sýni skilning á sérhljóða- og samhljóðamyndun.
- sýni grundvallarkunnáttu í raddbeitingu sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- geti sungið með styrkleikabreytingum.
- hafi nokkuð góð tók á hljóðnematækni.
- hafi náð grundvallartökum á söng með stuðningi.
- syngi með skýrum textaframburði.
- hafi tileinkað sér góðan íslenskan textaframburð.
- hafi náð grundvallartökum á enskum textaframburði.
- hafi þjálfast í að syngja á ensku og íslensku.
- sýni nokkuð sannfærandi textatúlkun.
- sýni skilning á innihaldi texta.
- hafi öðlast nokkuð gott hrynskyn.
- geti sungið með hryntilfinningu sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- skilji og þekki algengustu formgerðir.
- sýni gott formskyn.
- flytji laglínur á nokkuð sannfærandi hátt, m.a. með persónulegri túlkun, hendingamótun og styrkbreytingum.
- hafi grundvallarskilning á hlutverki söngvara í hljómsveit.
- hafi þjálfast reglulega í söng og notkun eftirfarandi tónstiga: dúr, hreinn moll, hljómhæfur moll, dúr-pentatónískur, moll-pentatónískur.
- hafi þjálfast reglulega í söng eftirfarandi þríhljóma: dúr, moll, minnkaður.
- syngi tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust og utanbókar.
- hafi kynnst og hafi skilning á ólíkum söngstílum rytmískrar tónlistar, þ.m.t. djassi, rokki og poppi.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi safnað a.m.k. fjórum þekktum lögum á safnlista, þar af a.m.k. einu lagi á íslensku og einu á ensku.
- geti spunnið yfir einföld hljómferli á díatónískan máta.
- hafi tók á notkun pentatónískum tónstiga, einkum til spuna yfir einfalt blúsform.
- syngi með hryntilfinningu.
- sýni hendingamótun í spuna.
- sýni framvindu í spuna.
- sýni uppbyggingu í spuna.
- sýni sjálfsprottna notkun á mismunandi styrk og styrkbreytingum, bæði í spuna og flutningi laglína.

- hafi kynnst einföldu textaspunatungumáli.
- hafi kynnst spuna út frá texta lagsins.
- hafi kynnst samleik/samsöng.
- hafi fengið tækifæri til að syngja með hljómsveit.
- hafi kynnst rödduðum söng og samsöng.
- geti unnið undir leiðsögn í hljómsveitarstarfi og/eða kór.
- hafi fengið tækifæri til að koma fram á tónleikum sem þátttakandi í samspili eða samsöng.
- sýni með söng sínum eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist við lok annars stigs:
 - hlustun á meðspilara og virkt samspil
 - frumkvæði í samleik
 - að hann sé móttækilegur fyrir frumkvæði annarra í samleik
- hafi þjálfast í nótnalestri.
- hafi þjálfast í óundirbúnum nótnalestri.
- hafi þjálfast í lestri bókstafshljóma til spuna.
- hafi þjálfast í óundirbúnum lestri bókstafshljóma til spuna.
- skilji og geti farið eftir algengustu leiðbeinandi orðum og táknum sem koma fyrir á lagblöðum.
- geti lesið og flutt án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrsta stigi.
- hafi þjálfast reglulega í að flytja laglínur utanbókar.
- hafi kynnst því að læra hljómaganga utanbókar til notkunar í spuna.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á öðru stigi samkvæmt þessari námskrá.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir eins til tveggja ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samsöng
- öruggan og sannfærandi söng
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning annars stigsprófs og vægi prófbátta

Prófbættir á öðru stigsprófi eru sjö. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Allir prófbættir að valverkefni undanskildu skulu fluttir utanbókar. Nemandi undirbýr eitt sönglag og leggur að auki fram safnlista með fjórum lögum og velur prófdómari eitt þeirra til flutnings. Alls eru því undirbúin fimm lög til prófs auk valverkefnis. Að lágmarki skal eitt laganna vera á íslensku og eitt á ensku. Heimilt er að notast við undirleik kennara eða hljóðritaðan undirleik.

1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga:

- dúr tónstiga
- hreinan moll
- hljómhæfan moll
- dúr-pentatónískan
- moll-pentatónískan

Einnig skal undirbúa eftirtalda þríhljóma:

- dúr
- moll
- minnkaðan

Leikmáti:

- tónsvið: ein áttund upp og niður
- hljómar frá grunntóni upp á efsta tón og aftur niður
- hraði: eigi hægar en tónstiga og hljóma M.M. $\downarrow = 50-63$, miðað við að sungnar séu fjórðapartsnótur
- jafnt, hiklaust og utanbókar

Í prófinu veldur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem sungnir eru.

2. Æfingar (15 stig)

Í samráði við söngkennara

3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í rytmískum söng

4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í rytmískum söng

Í þessum þætti skal leggja fram lista með fjórum söngverkum sem prófdómari velur úr.

5. Val (15 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- Syngja frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- Syngja verk samkvæmt klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

6. Lestur af blaði (15 stig)

- hefðbundinn nótnalestur (10 stig): smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í fyrsta stigi.
- Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá (5 stig)

7. Heildarsvipur (10 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samsöng, öruggur og sannfærandi söngur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.

Grunnpróf

Grunnpróf í rytmískum söng er þreytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Grunnpróf eru aðeins dæmd af Prófanevnd tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum. Grunnprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **grunnprófi í tónfræði** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófanevnd. Ætlast er til þess að nemendur sem stefna að grunnprófi eigi kennslubók og kaupi annað kennsluefni í samræmi við fyrirmæli kennara. Við lok grunnnáms eiga söngnemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt.
- hafi tileinkað sér góða líkamsstöðu.
- andi eðlilega og öndun fylgi hendingamótun.
- hafi náð grundvallartökum á tónmyndun.
- hafi náð allgóðum tókum á inntónun.
- sýni skilning á sérhljóða- og samhljóðamyndun.
- sýni raddbeitingu sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- geti sungið með heyranlegum styrkleikabreytingum.
- hafi allgóð tók á hljóðnemataækni.
- hafi náð grundvallartökum á söng með stuðningi.
- syngi með skýrum textaframburði.
- hafi tileinkað sér góðan íslenskan textaframburð.
- hafi náð grundvallartökum á enskum textaframburði.
- hafi þjálfast í að syngja á ensku og íslensku.
- sýni sannfærandi textatúlkun.
- sýni augljósan skilning á innihaldi texta.
- hafi öðlast allgott hrynskyn.
- geti sungið með hryntilfinningu sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- skilji og þekki algengustu formgerðir.
- sýni gott formskyn.
- flytji laglínur á sannfærandi hátt, m.a. með persónulegri túlkun, hendingamótun og styrkbreytingum.
- hafi grundvallarskilning á hlutverki söngvara í hljómsveit.
- hafi þjálfast reglulega í söng og notkun eftirfarandi tónstiga: dúr, hreinn moll, hljómhæfur moll, dórískur, mixólýdískur, dúr-pentatónískur, moll-pentatónískur, blústónstigi.
- hafi þjálfast reglulega í söng eftirfarandi þríhljóma: dúr, moll, stækkaður, minnkaður, sus4.
- hafi kynnst og skilji notagildi stækkaðra og minnkaðra þríhljóma.
- skilji uppbyggingu og þekki helstu notkunarmöguleika allra framangreindra hljóma og tónstiga til spuna.
- hafi öðlast grundvallarskilning á eðli og uppbyggingu kirkjutóntegunda.
- syngi tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust og utanbókar.
- hafi kynnst og hafi skilning á ólíkum söngstílum rytmískrar tónlistar, þ.m.t. djassi, rokki og poppi.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi safnað a.m.k. fjórum þekktum lögum á safnlista, þar af a.m.k. einu lagi á íslensku og einu á ensku.
- geti spunnið liðlega yfir einföld hljómfæri á díatónískan máta.
- sýni með spuna sínum góðan skilning á hljómrænu innihaldi tónlistarinnar.

- hafi allgóð tök á notkun blús- og pentatónstiga, einkum til spuna yfir einfalt blúsform.
- syngi með öruggri hryntilfinningu.
- sýni sannfærandi hendingamótun í spuna.
- sýni eðlilega framvindu í spuna.
- sýni sannfærandi uppbyggingu í spuna.
- sýni sannfærandi sjálfsprottna notkun á mismunandi styrk og styrkbreytingum, bæði í spuna og flutningi laglína.
- hafi kynnst einföldu textaspunatungumáli.
- hafi kynnst spuna út frá texta lagsins.
- geti spunnið út frá hljómagöngum laga af sambærilegri þyngd og lög sem nefnd eru sem dæmi um prófverkefni á grunnprófi.
- hafi kynnst ýmiskonar samleik/samsöng.
- hafi fengið tækifæri til að syngja með hljómsveit.
- hafi kynnst ýmiskonar rödduðum söng og samsöng.
- geti unnið undir leiðsögn í hljómsveitarstarfi og kór.
- hafi kynnst algengasta taktslætti og bendingum stjórnanda.
- hafi fengið tækifæri til að koma fram á tónleikum sem þátttakandi í samspili eða samsöng.
- sýni með söng sínum eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist við lok grunnnáms:
 - hlustun á meðspilara og virkt samspil
 - frumkvæði í samleik
 - að hann sé móttækilegur fyrir frumkvæði annarra í samleik
- hafi þjálfast reglulega í nótnalestri.
- hafi þjálfast reglulega í óundirbúnum nótnalestri.
- hafi þjálfast reglulega í lestri bókstafshljóma til spuna.
- hafi þjálfast reglulega í óundirbúnum lestri bókstafshljóma til spuna.
- skilji og geti farið eftir algengustu leiðbeinandi orðum og táknum sem koma fyrir á lagblöðum.
- geti lesið og flutt án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að flytja laglínur utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að læra hljómaganga utanbókar til notkunar í spuna.
- hafi þjálfast reglulega í að læra einfaldar laglínur og hljómaganga eftir eyra.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á grunnprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist við lok grunnnáms:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samsöng
- öruggan og sannfærandi söng
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning grunnprófs og vægi prófpáttanna

Prófpættir á grunnprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Allir prófpættir að valverkefni undanskildu skulu fluttir utanbókar. Nemandi undirbýr tvö sönglög og leggur að auki fram safnlista með fjórum lögum og velur prófdómari eitt þeirra til flutnings. Alls eru því undirbúin sex lög til prófs auk valverkefnis. Að lágmarki skal eitt laganna vera á íslensku og eitt á ensku. Heimilt er að notast við undirleik kennara eða hljóðritaðan undirleik.

1. Tónstigar og hljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga:

- dúr tónstiga
- hreinan moll
- hljómhæfan moll
- dórískan
- mixólýdískan
- dúr-pentatónískan
- moll-pentatónískan

Einnig skal undirbúa eftirtalda þríhljóma:

- dúr
- moll
- stækkaðan
- minnkaðan
- sus4

Leikmáti:

- tónsvið: ein áttund upp og niður
- hljómar frá grunntóni upp á efsta tón og aftur niður
- hraði: eigi hægar en tónstiga og hljóma M.M. ♩ = 50–63, miðað við að sungnar séu fjórðapartsnótur
- jafnt, hiklaust og utanbókar

Í prófinu veldur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem sungnir eru.

2. Æfingar (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í rytmískum söng

3. Verk 1 (15 stig)

Aðallag í samræmi við kröfur greinanámskrár í rytmískum söng

4. Verk 2 (15 stig)

Aðallag í samræmi við kröfur greinanámskrár í rytmískum söng

5. Verk 4 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í rytmískum einsöng

Í þessum þætti skal leggja fram fjögurra laga safnlista sem prófdómari velur úr.

6. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Syngja frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- b. Syngja verk samkvæmt klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

7. Lestur af blaði (10 stig)

- a. hefðbundinn nótnalestur (5 stig): smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms.
- b. Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá (5 stig)

8. Heildarsvipur (5 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samsöng, öruggur og sannfærandi söngur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.